

10. janúar 2012

## Fundur nr. 69

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 10. janúar 2012 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Heiða Elísdóttir, Kristján Árnason og Sigríður Vigdís Þórðardóttir.

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir fundagerð síðasta fundar og hún samþykkt

### 2. Greiðslur bæjarinns vegna leigu á tækjabúnaði Þróttar

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við nýjan bæjarstjóra og fara yfir það samkomulag sem gert var við félagið og semja um hvenær félagið fær greiðslurnar til útborgunar.

### 3. Afmælisrit Þróttar

Ath. hjá Söndru hvort hún hafi verið búin að hafa samband við ákveðinn mann til að taka þetta að sér.

Framkvæmdastjóra falið að senda út miða á fimmtudag sem óskar eftir fólki í ritnefn blaðsins. Einnig er henni falið að hafa samband við Tinnu H. sem er að gera ritgerð um UMFÞ hvort hún vilji leggja nefndinni lið.

### 4. Skiltamál

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Sigurð byggingarfulltrúa og kanna hvar málið er/stendur. Vignir Þjálfari er með logo sem hægt er að vinna með og er hann tilbúin að aðstoða hvað það mál varðar.

### 5. Samstarf við Njarðvík / skráning á Íslandsmót

Skrá þarf inn á Íslandsmót í síðasta lagi 20. janúar og er framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Njarðvík og klára skráningar á tilteknum tíma.

### 6. Önnur mál

Þjálfarar eru ekki búnir að senda inn neinar æfingaáætlanir, framkvæmdastjóra er því falið að kalla eftir æfingaáætlunum hjá þjálfurum.

Stjórn Þróttar lýsir yfir vonbrigðum með að engin tilnefning hafi borist frá þjálfurum Þróttar.

Framkvæmdastjóra falið að fara á fullt í að safna styrkjum fyrir félagið núna í janúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:35